

LADDI MÆTIR TIL LEIKS MEÐ SPAUGSTOFUNNI Á LAUGARDAG



MIÐVIKUDAGUR 25. SEPT. 2013
17. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



ÁSTRÍÐUR
BJÖRN HLYNUR LEIKUR
YFIRVEGAÐ KVENNAGULL



MISS WORLD 2013
Í BEINNI Á STÖÐ 3
Á LAUGARDAG



MAN. UTD - LIVERPOOL
STÓRVELDIN MÆTAST Á
OLD TRAFFORD Í KVÖLD

RAFMOGNUM SPENNA

JAMES SPADER ER FRÁBÆR
Í ÞÁTTARÖÐINNI THE BLACKLIST
SEM HEFST Á STÖÐ 2 Á FIMMTUDAG

FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD

krakkar



ÓMISSANDI Í VIKUNNI



HEIMSÓKN
Miðvikudagur
Kl. 20.05



SÆLKERAFERÐIN
Fimmtudagur
Kl. 20.05



LOGI Í BEINNI
Föstudagur
Kl. 19.55



SPAUGSTOFAN
Laugardagur
Kl. 19.35



BROADCHURCH
Sunnudagur
Kl. 20.45



UM LAND ALLT
Mánudagur
Kl. 20.05



HOW I MET YOUR MOTHER
Þriðjudagur
20.50



ÁSTRÍÐUR
Kl. 20.15 sunnudaga

SILKIMJÚKUR OG EINLÆGUR

Leikarinn Björn Hlynur Haraldsson stelar senunni í nýrri þáttaröð Ástríðar. Þar leikur hann yfirvegað og ákveðið kvennagull sem fangar hjörtu kvenna á og við skjáinn.

„Boðorð Leibba er: Allt sem þér viljið að aðrir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Leifur er „no bullshit“-gæi og stundum kannski aðeins of mikið, eins og fram mun koma í þáttunum,“ segir Björn Hlynur Haraldsson um persónu Leifs lögfræðings sem hann ljáir líf og limi í nýrri þáttaröð Ástríðar.

Björn Hlynur segir þá Leif eiga fátt sameiginlegt. „Við erum svipaðir í útliti þótt ég sé ekki jafn síðhærður og Leifur. Hann er sérstök blanda af gallhörðum lögfræðingi og silkimjúkum, einlægum pilti úr Smábúðahverfinu.“

Er Leifur þá öfundsverður?
„Nei, ég get ekki sagt það. Ég öfunda engan mann. Öfund er af hinu illa. Ég bið alla sem þjást af því að vinsamlegast hætta því.“

Björn Hlynur hafði ekki séð

alla fyrri þætti Ástríðar þegar hann ákvað að vera með.

„En ég vissi út á hvað þættirnir gengu og vildi fá að vera með. Mig langaði að taka þátt í verkefni með Silju Hauksdóttur sem er sniðug stelpa og góður leikstjóri. Svo hafði ég lúmskan grun um að þetta gæti orðið gaman því skemmtilegt fólk tengdist fyrri þáttaröðinni, eins og lærimeistari minn Kjartan Guðjónsson.“

Að sögn Björns Hlyns kemur Leifur inn í þættina sem mótherji Ástríðar í máli sem þau hafa kapað um í fjölmiðlum. Síðan tengist þau böndum sem best sé að halda sér saman um nú.

„Mér fannst á allan hátt skemmtilegt að taka þátt í Ástríði. Ég lagði sjálfan mig til í hlutverk Leifs; það er það eina sem ég get gefið. Svo bæti ég við

ímynduðum hugmyndum mínum, leikstjórans og höfundar um einstaklinginn. Mér finnst mikilvægt að uppskáldaðar persónur séu tvíhliða og að eitthvað komi á óvart í fari þeirra. Þannig eru allar manneskjur. Við sýnum eina hlið en felum aðra og það er hliðin sem áhorfendur verða að fá að sjá. Mitt starf er því að sjá til þess að persónan sé ekki einhliða,“ útskýrir Björn Hlynur.

Hann segir Ástríði mikilvægan minnisvarða um samtímann.

„Þættirnir fjalla um íslenskan hvunnagsveruleika sem fyrir minn smekk mætti gera hærra undir höfði í leiknu efni. Það vilja áhorfendur sjá og því eigum við að sinna. Flestir höfundar sem skipt hafa máli í gegnum aldirnar hafa skrifað um sitt nánasta umhverfi, samfélag sem þeir

þjuggu í og þekktu. Því mættu höfundar í ríkari mæli draga upp spegilmynd af samfélaginu.“

Björn Hlynur vinnur nú að sjónvarpsþáttunum Hrauninu sem eru framhald af Hamrinum. Hann leikur líka í þáttunum The Borgias, sem teknir voru í Búdapest, kvikmynd eftir mexíkóska leikstjóran Roberto Schneider, þar sem hann leikur á móti vini sínum Gael Garcia Bernal, og spennutryllinum Grafir og bein.

„Aðalverkefnið er þó fjármögnun á minni fyrstu mynd sem leikstjóri og handritshöfundur, og er byggð á leikriti mínu Dubbel-dusch. Við eiginkonan vinnum nú að heimildarþáttaröðinni Reimleikar í Reykjavík og ég er með tvö leikrit í smíðum. Þá er ég orðaður við erlent hlutverk sem ég get ekki upplýst um að sinni.“

ERTU BÚINN AÐ SKRÁ ÞIG?

ÍSLAND GOT TALENT

Hátt í þúsund hæfileikaríkir Íslendingar hafa þegar skráð sig í Ísland Got Talent en fyrstu prufurnar hefjast þann 30. september. Spennan magnast en til mikils er að vinna. Verðlaunin fyrir siguratriðið eru tíu milljónir króna.

Bubbi Morthens, Þórunn Antonía Magnúsdóttir og Jón Jónsson eru að leggja af stað í hringferð um landið til að velja þátttakendur. Skráning fer fram á stod2.is/talent.

Selfoss 30. september	Ísafjörður 4. október
Borgarnes 1. október	Húsavík 4. október
Höfn í Hornafirði 1. október	Sauðárkrókur 5. október
Stykkishólmur 2. október	Akureyri 6. október
Neskaupstaður 2. október	Vestmannaeyjar 8. október
Patreksfjörður 3. október	Reykjavík 12. og 13. október
Egilsstaðir 3. október	

VALA HEIMSÆKIR ÆVINTÝRAFÓLK Á SEYÐISFIRÐI

SÆLKERAFERÐIN
Kl. 20.05 fimmtudag



Sælkeriferðin með Völu Matt heldur áfram göngu sinni á Stöð 2 á morgun. Í þættinum heimsækir Vala Seyðisfjörð og tekur hús á mæðgininum Þóru Guðmundsdóttur arkitekt og Dýra Jónssyni, framkvæmdastjóra Vesturports.

Þóra rekur faruglaheimilið Hafölduna en Dýri Hótel Öldu. Þau segja frá ýmsum sælkeraleyndarmálum Seyðisfjarðar en umhverfið er óviðjafnlegt og dýrindis hráefni allt í kring.

Vala segir um mikið ævintýrafólk að ræða en Þóra hverfur til Indlands á veturna þar sem hún rekur hótél- og veitingastað. Í þættinum er einnig rætt við matreiðslumanninn Ósk Ómarsdóttur, sem starfar á Seyðisfirði á sumrin en á Indlandi á veturna.



RAUNIR KARLHÓRU

HUNG
Kl. 22.20 miðvikudaga

Fyrsti þáttur í þriðju seríu Hung verður sýndur í kvöld á Stöð 2. Hung er gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drexler sem er óhamingjusamur körfubolta- og hafnaboltaþjálfari í menntaskóla. Hann er fráskilinn faðir unglingstvíbura og í bullandi fjárhagsvandráðum. Þegar heimili hans verður eldi að bráð tekur hann til sinna ráða. Með aðstoð vinkonu sinnar Tanyu ákveður hann að gerast karlhóra en Ray er sérlega vel vaxinn niður. Þátturinn fjallar um hvernig Ray reynir með misjöfnum árangri að samtvinna nýjan starfsvettvang og sitt gamla líf án þess að upp um hann komist.

Stöð 2 sýnir nú þriðju og síðustu þáttaröðina af Hung. Þar er lögð áhersla á baráttu Ray og Tanyu við Lenore, sem um tíma var einnig hörmangari Rays. Sú er nú komin með nýjan skjólstæðinginn í fagið.

Thomas Jane er þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndunum Boogie Nights (1997), 61* (2001), The Punisher (2004) og The Mist (2007).




HVER ER MORÐINGINN?

BROADCHURCH
Kl. 20.45 sunnudag

Lokapáttur breska sjónvarpsþáttarins Broadchurch verður á sunnudaginn á Stöð 2. Þættirnir voru frumsýndir á bresku sjónvarpsstöðinni ITV í vor og hafa svo sannarlega slegið í gegn um allan heim. Undanfarnar vikur hafa margir íbúa bæjarins legið undir grun og fyrir lokapáttinn á sunnudaginn er ómögulegt að segja til um hver málalok verða. Rannsókn málsins er í höndum aðkomumannsins Alec Hardy en honum til aðstoðar er lögreglukonan Ellie Miller sem býr í bænum. Óhætt er að segja að samvinna þeirra sé ansi brösótt enda er Hardy langt frá því að vera auðveldur í samskiptum. Mikil leynd hvíldi á tókustað yfir því hver sá seki var og vissu leikararnir sjálfir ekki einu sinni hver morðinginn var fyrr en lokapátturinn var tekinn upp. Á sunnudaginn mun hins vegar sannleikurinn koma í ljós og morðinginn verður opinberaður.

Lokapáttur Broadchurch er sýndur á Stöð 2, sunnudaginn 29. september og hefst kl. 20.45.



GLÆSILEIKI OG FEGURÐ FRÁ BALÍ

Miss World 2013 fer fram á Balí í Indónesíu á laugardag. Stöð 3 mun sýna beint frá keppninni kl. 11.30. **Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir** er fulltrúi Íslands.

3 MISS WORLD 2013
Kl. 11.30 laugardag

Upphaflega átti keppnin að fara fram í Djakarta, höfuðborg landsins, en ákveðið var að færa hana eftir öflug mótmæli múslíma í landinu. Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, 22 ára laganemi, er fulltrúi Íslands í keppninni en hún var kosin Ungfrú Reykjavík 2011.

Sigríður ertu spennt fyrir úrslitakvöldinu?

„Já, ég er virkilega spennt, þetta hefur verið mikil vinna síðastliðinn mánuð. Ég hlakka mikið til að njóta dagsins með stelpunum.“ svarar hún og bætir við að það hafi komið sér á óvart hversu mikil dagskrá hafi verið alla daga. „Við vöknum snemma á morgnana og erum með dagskrá fram á kvöld. Ég mun líklegast sofa í viku þegar ég kem heim.“

Frábærar stelpur

Megum við búast við að sjá þig í sigursæti?

„Ég get ekkert sagt til um það, það eru svo margar frábærar stelpur hérna sem geta vel sinnt því starfi sem Miss World tekur sér fyrir hendur. Í raun er ekkert hægt að spá fyrir um úrslit og oft hefur það gerst að aðili sem ekki hefur verið talinn sigurstranglegur ber sigur úr bítum.“ segir Sigríður og viðurkennir að hún hafi verið mjög stressuð áður en hún hélt af stað í þetta langa ferðalag yfir að vera þetta lengi í burtu frá fjölskyldu og vinum.

Mikil lífsreynsla

„Annars var ég mjög spennt fyrir þessu öllu saman og get sagt í dag að þetta er þvítík lífsreynsla sem ég er að öðlast hér. Það var margt sem ég þurfti að gera áður en haldið var af stað. Farangurinn þurfti til dæmis að endast mér í mánuð. Ég náði þó að koma öllu fyrir í tveimur ferðatöskum sem er heldur lítið miðað við að margar stelpur hérna eru með 7-8 töskur. Ég þurfti meðal annars að hafa með mér íslenska

þjóðbúninginn, bók um Ísland, gjöf fyrir góðgerðaruppboð og margt annað.“

Sigríður segist hafa fengið ítarlegar leiðbeiningar frá Miss World Organisation en einnig fékk hún upplýsingar frá Sigríðu Evu Ármannsdóttur sem fór í Miss World árið 2011. „Ég á frábæra fjölskyldu sem er búin að aðstoða mig og styðja í þessu öllu saman og fyrir það er ég henni ævinlega þakklát.“

Heljarinnar veisla

Mega áhorfendur Stöðvar 3 búast við glæsilegri útsendingu?

„Já, ég get sko lofað heljarinnar „show-i“. Má nefna rosalega flott dansatriði þar sem við dönsu þjóddansa frá tíu löndum í okkar eigin þjóðbúningum. Við munum einnig koma fram í indónesískum þjóðbúningum og síðkjólum og sýnt verður myndefni sem búið er að taka upp síðastliðinn mánuð af því sem við höfum verið að aðhafast hér á Balí.“

15 mínútna frægð

Sigríður segir öryggisgæslu mikla. „Við þekkjum orðið hótelið okkar hér á Balí jafnvel og heimili okkar. Alltaf er þó eitthvað skemmtilegt að gera, nú síðast var mini-hæfileikakeppni þar sem hver stúlkan á fætur annarri stóð á fætur og sýndi listir, dans, söng og þess háttar fyrir hópinn. Við látum okkur sjaldan leiðast, enda höfum við um margt að tala, komum frá ólíkum menningarheimum og getum endalaust talað um löndin okkar. Keppnin hefur vakið mikla athygli og okkur hefur verið tekið opnum örmum. Hvert sem við förum mætir fólk okkur með brosi á vör, komið er fram við okkur eins og Hollywood-stjörnur svo þetta eru nokkurn veginn mínar fimmtán mínútur af frægð.“

Með UPPLEVA línunni og BESTÅ hirsalum sameinar þú sjónvarp, hljóðkerfi og húsgagn. Útkoman er heildarlausn sem gerir stofuna stílhreinni með földum snúrum, þráðlausu bassaboxi og öllu er stjórnað með einni fjarstýringu. Upplifðu UPPLEVA í versluninni og kynntu þér tæknina á www.IKEA.is



109.900,-

UPPLEVA 40" snjallsjónvarp

337.550,-

BESTÅ samsetning m/40" UPPLEVA snjallsjónvarpi og 2.1 hljóðkerfi

5

ára
ÁBYRGÐ

UPPLEVA snjallsjónvörp og hljóðkerfum fylgir 5 ára ábyrgð án aukakostnaðar.



Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - www.IKEA.is

Einfaldlega snjallt!



LADDI GENGUR TIL LIÐS VIÐ SPAUGSTOFUNA



SPAUGSTOFAN
Kl. 19.35 laugardag

Spéfuglarnir í Spaugstofunni birtast á skjánum á ný á laugardagskvöldið með fullt af nýju og skemmtilegu efni í farteskinu, enda af nógu að taka. „Við reynum alltaf að breyta eitthvað til á hverju hausti og finna nýja fleti til að gera grín að samfélaginu. Sumarið sem aldrei kom verður í hávegum haft í fyrsta þættinum og skyggst inn í sumarþingið en ég segi ekki meira,“ sagði Örn Árnason þegar við slógum á þráðinn til hans.

Spaugstofumenn hafa fengið nýjan meðlim í hópinn. „Við höfum fengið Ladda til að vera með okkur í fyrstu fimm þáttunum en hann er náttúrulega alveg frábær hæfileikamaður. Með nýrri ríkisstjórn eru mörg ný andlit og þess vegna ágætt fyrir okkur gömlu hundana að fá einn hund í viðbót í liðið,“ segir Örn og segir að áhorfendur verði ekki sviknir því undirbúningur hafi verið á fullu og mikið um að vera. „Við verðum beittir og stingum á skemmtilegum kylum. Fólk fær að sjá hina hlið samfélagsspeglisins,“ segir Örn enn fremur en þess má geta að þetta er 29. árið sem



Laddi á eftir að spauga eins og honum einum er lagið.

Spaugstofan grínar. „Á næsta ári verður þrítugasta árið og ætli við segjum þetta ekki gott þá. Þrjátíu er falleg tala og við getum farið að horfa í aðrar áttir án þess að ég vilji hljóma eins og Besti flokkurinn sem svíkur öll loforð.“

STÓRKARLINN NUCKY

BOARDWALK EMPIRE
Kl. 22.10 sunnudag

Stöð 2 hefur hafið sýningar á fjórðu þáttaröð Boardwalk Empire. Þættirnir margverðlaunuðu fjalla um stórlaxinn Nucky Thompson sem réð lögum og lofum í Atlantic City í New Jersey á bannárunum snemma á síðustu öld. Þættirnir eru byggðir á bókinni Boardwalk Empire: The Birth, High Times, and Corruption of Atlantic City þar sem greint er frá sögu glæpamannsins Enoch L. Johnson. Þættirnir hafa hlotið mikið lof og hafa til að mynda hlotið tólf Emmy-verðlaun og Golden Globe-verðlaunin sem besti dramapátturinn.

Steve Buscemi fer með titilhlutverkið í þáttunum en hann þykir með betri karakterleikurum. Helst er hann þekktur fyrir hlutverk sín í myndum Cohen bræðra, til dæmis Miller's Crossing, Barton Fink, The Hudsucker Proxy, Fargo og The Big Lebowski.



ÓMIS SPENNUPÆTTIR

James Spader er mættur til leiks í spennuþættinum The Blacklist sem hefur göngu sína á Stöð 2 á fimmtudagskvöld. Þættirnir hófu göngu sína í bandarísku sjónvarpi á mánudag og hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda.

THE BLACKLIST
Kl. 21.10 fimmtudag

Spader leikur Raymond „Red“ Reddington, fyrrverandi leyniþjónustumann sem hvarf sporlaust fyrir mörgum árum og er nú eftirlýstur af bandarískum yfirvöldum fyrir að selja hryðjuverkamönnum leynileg gögn. Hann gefur sig fram í höfuðstöðvum FBI og býst til þess að aðstoða alríkislögregluna við að handsama aðra eftirlýsta hryðjuverkamenn. Einu skilyrðin sem hann setur er að hann fái lífvörð, herbergi á fínu hóteli og að vinna með ungum nýliða innan FBI, Elizabeth Keen. Tengsl hans við Keen eru öllum ókunn, jafnvel henni sjálfri, en þau munu skýrast þegar líður á þáttaröðina. Þáttunum hefur gjarnan verið líkt við stórmyndina Silence of the Lambs.

Þættirnir hófu göngu sína á NBC-sjónvarpsstöðinni á mánudagskvöld og fengu mjög góðar viðtökur. The Hollywood Reporter fer lofsamlegum orðum um fyrsta þáttinn og segir m.a. að Spader sé óviðjafnanlegur í aðalhlutverkinu og að handritshöfundunum takist að gera þáttinn einstaklega spennandi. Variety segir að The Blacklist sé einn af bestu nýju þáttunum í vetur og TV Guide segir að þátturinn sé fullkomin blanda af hasar og vel skrifaðri ráðgátu.



SSANDI

TIR



UNNUSTAN ER ÆTTUÐ FRÁ ÍSLANDI

James Spader er trúlofaður hinni íslensk-ættuðu Leslie Stefanson. Hún er fyrrverandi fyrirseta og leikkona sem vakti fyrst athygli þegar hún lék stórt hlutverk í spennumyndinni *The General's Daughter* árið 1999, en þar lék hún á móti John Travolta. Hún lék einnig í stórmyndinni *Unbreakable* með Bruce Willis árið 2000 og *The Hunted* með Tommy Lee Jones og Benicio Del Toro árið 2003.

Leslie kynntist Spader þegar þau léku saman í myndinni *The Stickup* árið 2002 og ástin blómstraði. Þau eignuðust sitt fyrsta barn fyrir fimm árum og Leslie er núna hætt í leiklistinni. Hún hefur þó ekki alveg sagt skilið við

listalífið því núna hannar hún erótískar bronsstytur sem vakið hafa talsverða athygli. Hægt er að skoða verk hennar á vefsíðunni www.lesliestefanson.com.

Spader þarf ekki að leita langt eftir ráðleggingum um bandarísku alríkislögregluna, FBI. Tengdafaðir hans, Randolph Stefanson, starfaði fyrir FBI á árunum 1963 til 1967 bæði í Phoenix og Los Angeles. Hann hefur síðan starfrækt lögfræðistofu í heimabæ sínum, Moorhead í Minnesota. Foreldrar hans, Skúli Stefanson og Effie Einarsson, voru Vestur-Íslendingar en sjálfur hefur hann aldrei komið til Íslands.



ENGUM ER TREYSTANDI

Toni Collette leikur aðalhlutverkið í spennuþáttaröðinni *Hostages* sem hefur göngu sína á Stöð 2 á mánudagskvöld.

HOSTAGES
Kl. 21.20 mánudag

Collette leikur dr. Ellen Sanders, virtan skurðlækni sem er að undirbúa aðgerð á forseta Bandaríkjanna þegar grímuklæddir menn ráðast til atlögu á heimili hennar og taka fjölskylduna í gíslingu. Þeir vilja að hún drepi forsetann í aðgerðinni og hóta að myrða alla fjölskylduna ef hún verður ekki að kröfu þeirra. Spennan magnast með hverjum þætti og engum er treystandi.

Það er Dylan McDermott sem leikur alríkislögreglumanninn Duncan Carlisle sem fer fyrir hópnum sem vill forsetan feigan.

Hostages eru 15 þættir og hver þáttur gerist á einum degi. Dr. Ellen Sanders hefur því 15 daga til að bjarga fjölskyldu sinni. „Þetta er allt öðruvísi en öll önnur hlutverk sem ég hef fengist við,“ segir Collette, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni *The Sixth Sense*.

„Ellen er mjög heiðarleg kona og góð móðir, auk þess að vera snjall skurðlæknir. Síðan lendir hún í þessum ótrúlegu aðstæðum og það ýtir henni fram á brúnina. Hún kemst að því hver hún er í raun og veru og hvað hún er fær um að gera.“

Collette segir að þetta sé fullkomið hlutverk fyrir sig og þátturinn bjóði upp á marga möguleika. „Enginn er eins og hann sýnist vera og það var eitt af því sem heillaði mig mest. Allar persónurnar eru bæði eðlilegar og margslungnar,“ segir Collette.



MYND HELGARINNAR



SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN
Laugardag kl. 21.25

Stórbrotin ævintýramynd frá 2012 með Charlize Theron, Kristen Stewart og Chris Hemsworth í aðalhlutverkum. Hér er á ferðinni skemmtileg útfærsla á klassískri sögu Grimm-bræðra um illkvittna drottningu sem hatar fagra stjúpdóttur sína. Hún sendir veiðimann með Mjallhvíti út í skóg til að drepa hana en í þessari útgáfu verður veiðimaðurinn bjargvættur hennar og hjálpar henni í baráttunni við hina illu drottningu.

10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ TOPPMYNDIR
Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur
Sherlock Holmes: A Game of Shadows



Laugardagur
After Life



Sunnudagur
Contraband




Fimmtudagur
Rock of Ages



Föstudagur
Blitz

Mánudagur
Water for Elephants



Þriðjudagur
Red



Guðmundur Finnbogason, einn eigenda Vegamóta, býður áskrifendum Stöðvar 2 í Stöð 2 Vild góðan afslátt af mat og drykk.

VEGAMÓT Í STÖÐ 2 VILD

Nú býðst áskrifendum Stöðvar 2 sem skráðir eru í Stöð 2 Vild 35 prósent afsláttur af öllum mat og drykk á Vegamótum.

„Við bjóðum 35 prósent afslátt af öllum mat og drykk á matseðlinum okkar milli klukkan 11 og 16 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga. Það er því hægt að gera mjög vel við sig. Matseðillinn er veglegur svo allir ættu að finna eitthvað sem þeim líkar. Ef fleiri en sex ætla að borða er gott að hringja á undan og þá tökum við frá borð,“ segir Guðmundur

Finnbogason, einn fjögurra eigenda Vegamóta. Staðurinn hefur löngu fest sig í sessi í veitingastaðafloðu borgarinnar en er nú með breyttu sniði.

„Nú erum við eingöngu veitingastaður en við lokuðum nýlega skemmtistaðnum Vegamót,“ segir Guðmundur. „Þetta gengur frábærlega vel og hér er fullt í mat fram að miðnætti. Við erum

líka búin að lengja opnunartímann í eldhúsinu hjá okkur. Nú er eldhúsið opið frá sunnudegi til miðvikudags fram til klukkan 23, á fimmtudögum til klukkan 23.30 og á föstudögum og laugardögum til klukkan 24. Fólk getur svo setið í rólegheitum og klárað matinn, fengið sér desert og kokteil en við erum einnig nýbúin að stækka kokteilaseðilinn okkar.“



DRAUMALEIKUR UMFERÐARINNAR

Sannkallaður stórleikur fer fram í enska deildarbikarnum í dag. Þá mætast erkifjendurnir og stórveldin tvö, Liverpool og Manchester United, á heimavelli þeirra síðarnefndu á Old Trafford. Leikurinn verður í beinni útsendingu á bæði Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í leiftrandi háskerpu.

Útsending hefst kl. 18.35 en leikurinn kl. 18.45. Guðmundur Benediktsson, íþróttafréttamaður á Stöð 2 Sport, verður í Manchester og lýsir leiknum. „Það er svolítið síðan fyrstu leikirnir fóru fram í keppninni en í þessari

umferð mæta liðin sem urðu í sex efstu sætum úrvalsdeildarinnar í fyrra og þá fengum við þennan draumaleik. Það skiptir ekki máli hvenær þessi lið mætast, áhorfendur geta alltaf búið við hörkuleik enda svakalegur ríður á milli þessara stórliða.“

Misjafnt er hversu mikla áherslu stórliðin leggja á enska deildarbikarinn en Guðmundur hefur litlar áhyggjur af því. „Það kæmi mér ekki á óvart að sjá bæði liðin stilla upp sínu sterkasta liði. David Moyes, hinn nýi knattspyrnustjóri United, er undir

mikilli pressu eftir slaka byrjun liðsins í vetur og Liverpool hefur unnið fáa titla undanfarin ár.“

Leikurinn gæti auk þess verið sá fyrsti sem Úrúgvæinn litríki Suárez spilar á leiktíðinni fyrir Liverpool en hann lauk nýlega tíu leikja banni. Auk þess að lýsa leiknum í beinni útsendingu mun Guðmundur hitta leikmenn og jafnvel þjálfara eftir leikinn. „Við vitum aldrei fyrir fram hverja við fáum að hitta enda skiptir það ekki öllu máli, þetta eru tvö stjörnum prýdd lið þannig að ég get lofað góðum viðtölum.“